

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/57/01		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um meðferð stofnunarinnar á kvörtunum er varða 53. og 54. gr. EES-samningsins	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/57/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4841 – Enel/EMS)	16
2007/EES/57/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4910 – Motorola/Vertex Standard)	17
2007/EES/57/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4927 – Carlyle/Ineos/JV)	18
2007/EES/57/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4956 – STX/Aker)	19
2007/EES/57/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4962 – Sun Group/neckermann.de GmbH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2007/EES/57/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4971 – MPC/Viga-Villacero/MAN/Coutinho & Ferrostaal (JV))	21

2007/EES/57/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4977 – AgipFuel/Campetroli) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	22
2007/EES/57/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4983 – Lion Capital/AS Lathouwers) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	23
2007/EES/57/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4157 – Wendel Investissement/Groupe Materis)	24
2007/EES/57/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4617 – Nutreco/BASF)	24
2007/EES/57/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4696 – KKR/Harman)	25
2007/EES/57/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4713 – Aviva/Hamilton)	25
2007/EES/57/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4738 – OEP/MSP-Stiftung/DVG/Dailyer Group)	26
2007/EES/57/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4766 – Flextronics/Solelectron)	26
2007/EES/57/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4772 – Carlyle/Zodiac Marine)	27
2007/EES/57/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4788 – Rozier/BHS)	27
2007/EES/57/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4842 – Danone/Numico)	28
2007/EES/57/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4847 – Ineos/Champagne Céréales/Thywissen/JV)	28
2007/EES/57/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4863 – Bain Capital/American Standard)	29
2007/EES/57/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4870 – EDF EN/Alcofinance/Alcogroup JV)	29
2007/EES/57/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4887 – Doosan/Bobcat)	30
2007/EES/57/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4895 – MOL/Italiana Energia e Servizi)	30
2007/EES/57/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4911 – Goldman Sachs/LOMO)	31
2007/EES/57/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4935 – Petronas/Selenia)	31
2007/EES/57/26	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja	32

2007/EES/57/27	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	36
2007/EES/57/28	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði G10	38
2007/EES/57/29	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði G11	39
2007/EES/57/30	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði G13	39
2007/EES/57/31	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands á grundvelli 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði P3	40
2007/EES/57/32	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/29/07 – i2i – Átak á sviði hljóð- og myndefnis	41
2007/EES/57/33	Afnám almannaþjónustukvaða sem stjórnvöld í Frakklandi hafa lagt á áætlunarflug á tilteknum leiðum	42

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILKYNNING EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/57/01

um meðferð stofnunarinnar á kvörtunum er varða 53. og 54. gr. EES-samningsins

A. Þessi tilkynning er gefin út í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði („EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir) og samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir).

B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) hefur gefið út tilkynningu „um meðferð framkvæmdastjórnarinnar á kvörtunum er varða 81. og 82. gr. EB-sáttmálans“ ⁽¹⁾. Sú gerð er ekki bindandi en hefur að geyma sjónarmið og reglur sem framkvæmdastjórnin styðst við á sviði samkeppnismála. Þar er einnig skýrt hvernig tekið verður á kvörtunum af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

C. Að álitni Eftirlitsstofnunar EFTA varðar ofangreind gerð Evrópska efnahagssvæðið. Tilkynning þessi er gefin út í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppnisráðgjörðum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Byggt er á valdheimildum Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin mun styðjast við sjónarmið og reglur, sem mælt er fyrir um í tilkynningunni, þegar viðeigandi reglum EES-samningsins er beitt í einstökum málum ⁽²⁾.

D. Tilkynning þessi hefur einkum þann tilgang að skýra hvernig Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka á kvörtunum sem varða meint brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins.

E. Tilkynningin varðar mál sem falla undir lögsögu eftirlitsstofnunarinnar samkvæmt 56. gr. EES-samningsins.

I. INNGANGUR OG EFNI

1. Með II. kafla í I. hluta bókar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („II. kafli“ í því sem hér fer á eftir) ⁽³⁾ var komið á fót kerfi sem Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisráðgjörð og dómstólar í EFTA-ríkjum geta notað við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Einkum er í II. kafla lýst hlutverkaskiptingu milli eftirlitsstofnunarinnar og samkeppnisráðgjörva í EFTA-ríkjum annars vegar, sem stjórnvalda sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna, og hins vegar dómstóla í EFTA-ríkjum sem fella dóma í einkamálum í því skyni að verja réttindi einstaklinga samkvæmt 53. og 54. gr.
2. Samkvæmt ákvæðum II. kafla er stjórnvöldum, sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna, heimilt að einbeita sér að rannsókn alvarlegra brota á 53. og 54. gr. sem iðulega reynist erfitt að ljósra upp um. Við framkvæmd þessara reglna nýta þau sér upplýsingar frá fyrirtækjum og neytendum á markaði.
3. Eftirlitsstofnun EFTA telur því ástæðu til að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að senda ábendingar um hugsanleg brot á samkeppnisreglum til stjórnvalda sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna. Hjá eftirlitsstofnuninni eru tvær leiðir til þess. Önnur er sú að leggja fram kvörtun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. II. kafla. Samkvæmt ákvæðum 5.–9. gr. III. kafla í I. hluta bókar 4 við samninginn

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 101, 27.4.2004, bls. 65–77.

⁽²⁾ Í einstökum málum, sem falla undir ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins, skipta Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin með sér lögsögu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 56. gr. EES-samningsins. Hvert einstakt mál getur aðeins fallið undir lögsögu annarrar þessara tveggja eftirlitsstofnana.

⁽³⁾ Eftir að samningur um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 24. september 2004 öðlaðist gildi 2. maí 2005 samsvarar II. kafli bókar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að miklu leyti í EFTA-stoðinni efni reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

um eftirlitsstofnun og dómstól („III. kafli“ í því sem hér fer á eftir) ⁽⁴⁾ verða slíkar kvartanir að fullnægja tilteknum skilyrðum.

4. Hin leiðin er að leggja fram upplýsingar um markaðinn, en slíkar upplýsingar þurfa ekki að fullnægja skilyrðum um kvartanir samkvæmt 2. mgr. 7. gr. II. kafla. Slíkar upplýsingar um hugsanleg brot á ákvæðum 53. og 54. gr. geta orðið tilefni rannsóknar á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁵⁾. Upplýsingar um hugsanleg brot má senda á eftirfarandi pósthfang eða netfang:

EFTA Surveillance Authority
Competition and State Aid Directorate
35, Rue Belliard
B-1040 Bruxelles/Brussel
competition@eftasurv.int

5. Með fyrirvara um túlkun EFTA-dómstólsins á ákvæðum II. og II. kafla er það markmið þessarar tilkynningar að leiðbeina einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja leita úrlausnar vegna hugsanlegra brota á samkeppnisreglum. Tilkynningin skiptist í tvo aðalhluta:
 - Í II. hluta er að finna leiðbeiningar um hvenær rétt er að kvarta til Eftirlitsstofnunar EFTA og hvenær rétt er að höfða mál fyrir landsdómstóli. Jafnframt eru rífuð upp frumatriði verkaskiptingar milli eftirlitsstofnunarinnar og samkeppnisyrvalda í einstökum EFTA-ríkjum samkvæmt fullnustukerfinu sem mælt er fyrir um í II. kafla, en þessi atriði eru skýrð í tilkynningu um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyrvalda ⁽⁶⁾.
 - Í III. hluta er að finna skýringar á málsmeðferðinni sem eftirlitsstofnunin beitir þegar kvartanir eru lagðar fram á grundvelli 2. mgr. 7. gr. II. kafla.
6. Í þessari tilkynningu er ekki tekið á eftirtöldum atriðum:
 - Kvörtunum EFTA-rikkanna á grundvelli 2. mgr. 7. gr. II. kafla
 - Kvörtunum sem fela í sér beiðni þess efnis að Eftirlitsstofnun EFTA beiti sér gegn EFTA-ríki á grundvelli 3. mgr. 59. gr. EES-samningsins, með hliðsjón af 53. eða 54 gr.
 - Kvörtunum sem varða 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð
 - Kvörtunum sem varða þau brot EFTA-rikkanna sem eftirlitsstofnunin getur fjallað um á grundvelli 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

II. MISMUNANDI LEIÐIR TIL AÐ LEGGJA FRAM KVÖRTUN VEGNA HUGSANLEGRA BROTA Á 53. EÐA 54. GR. EES-SAMNINGSINS

A. Kvartanir samkvæmt nýja fullnustukerfinu sem komið er á fót í II. kafla

7. Eftir eðli kvörtunarinnar getur kvartandi snúið sér annaðhvort til landsdómstóls eða til samkeppnisyrvalds í EFTA-ríki sem fer með framkvæmd samkeppnisreglna. Markmið þessa kafla tilkynningarinnar er að auðvelda þeim, sem kynnu að leggja fram kæru, að átta sig á því hvort þeir eigi að snúa sér til Eftirlitsstofnunar EFTA, samkeppnisyrvalda í einu EFTA-rikkanna eða landsdómstóls.
8. Hlutverk landsdómstóla er að gæta réttar einstaklingsins og þeim ber því skylda til að fella dóma í þeim málum sem fyrir þá eru lögð. Stjórnvöld, sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna, geta aftur á móti ekki rannsakað allar kvartanir heldur verða þau að forgangsraða málum. Í 1. mgr. 55. gr. EES-samningsins er Eftirlitsstofnun EFTA falið að tryggja beitingu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr. samningsins og hefur hún þannig með höndum mótun og

⁽⁴⁾ Eftir að samningur milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 3. desember 2004 öðlast gildi 1. júlí 2005 endurspeglar III. kafli bókanar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól efni reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004, Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18–24.

⁽⁵⁾ Um meðferð eftirlitsstofnunarinnar á bréfasendingum frá heimildarmönnum fer eftir reglum hennar um góða stjórnslu.

⁽⁶⁾ Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyrvalda, Stjtið. ESB C 227, 21.9.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 21.9.2006, bls. 1.

framkvæmd samkeppnisstefnu á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁷⁾. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna er framkvæmdastjórninni heimilt að veita kvörtunum, sem lagðar eru fram á grundvelli 81. eða 82. gr. EB-sáttmálans, mismunandi mikinn forgang til þess að geta sinnt verkefnum sínum á skilvirkan hátt ⁽⁸⁾. Að áliti eftirlitsstofnunarinnar gildir hliðstæð regla um eftirlitsstofnunina þegar kemur að EES-samningnum.

9. Samkvæmt ákvæðum II. kafla hafa dómstólar og samkeppnisyfirkvöld í EFTA-ríkjunum vald til að beita ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins í heild ásamt Eftirlitsstofnun EFTA. Ákvæði II. kafla byggjast á því meginmarkmiði að dómstólar og samkeppnisyfirkvöld í EFTA-ríkjunum skuli taka virkan þátt í því að framfylgja ákvæðum 53. og 54. gr. ⁽⁹⁾.
10. Jafnframt er kveðið á um það í 3. gr. II. kafla að dómstólar og samkeppnisyfirkvöld í EFTA-ríkjunum skuli beita 53. og 54. gr. EES-samningsins hvenær sem mál varðar samning eða háttsemi sem getur haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins og samkeppnislög landsins ná til. Ennfremur er komið á fót í 11. og 15. gr. II. kafla ýmsum leiðum til samstarfs milli dómstóla og samkeppnisyfirkvalda í EFTA-ríkjunum og Eftirlitsstofnunar EFTA við að framfylgja ákvæðum 53. og 54. gr.
11. Í þessu nýja lagaumhverfi hyggst Eftirlitsstofnun EFTA endurskipuleggja framkvæmd sína á gildandi reglum sem hér segir:
 - Eftirlitsstofnunin mun framfylgja samkeppnisreglum EES-samningsins í málum sem hún hefur góðar forsendur til að fjalla um ⁽¹⁰⁾ og einbeita kröftum sínum að alvarlegustu brotum.
 - Eftirlitsstofnunin mun taka til meðferðar mál sem henni ber að bregðast við í því skyni að móta samkeppnisstefnu Evrópska efnahagssvæðisins og/eða að tryggja að 53. eða 54. gr. EES-samningsins sé beitt á samræmdan hátt.

B. Hlutverkaskipting milli fullnustu í einkamálum og fullnustu stjórnvalda sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna

12. Dómstólar Evrópubandalaganna hafa oftast en einu sinni úrskurðað að landsdómstólar hafi það hlutverk að vernda einstaklingsréttindi sem leiðir beint af 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. EB-sáttmálans ⁽¹¹⁾. Af ákvæðum 7. gr. EES-samningsins og bókunar 35 við EES-samninginn leiðir að EES-löggjöf felur ekki í sér afsal löggjafarvalds. Þannig felur EES-löggjöf ekki í sér kröfu um að einstaklingar og fyrirtæki geti fyrir landsdómstólum vísað beint til EES-reglna sem hafa ekki verið leiddar í landslög ⁽¹²⁾. Samkvæmt bókun 35 er EFTA-ríkjunum aftur á móti skylt að tryggja, með sérstöku lagaákvæði ef þörf gerist, að komi til árekstra milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda, og annarra settra laga skuli EES-reglurnar gilda. EFTA-dómstóllinn hefur úrskurðað að það liggi í eðli ákvæðis af þessu tagi að komi til árekstra milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda, og lagaákvæða einstakra samningsríkja skuli einstaklingar og fyrirtæki hafa rétt á að vísa til og krefjast í sínu landi hverra þeirra réttinda sem leiða má af ákvæðum EES-samningsins, á þeim grundvelli að þau séu, eða hafi verið leidd í, landslög, enda sé um að ræða óskilyrt og nægilega nákvæm ákvæði ⁽¹³⁾.

⁽⁷⁾ Eftirlitsstofnunin deilir þessari ábyrgð með framkvæmdastjórninni samkvæmt reglum 56. gr. EES-samningsins um skiptingu valdheimilda.

⁽⁸⁾ Mál C-344/98, *Masterfoods* gegn *HB Ice Cream*, [2000] ECR I-11369, 46. mgr.; mál C-119/97 P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl.* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1999] ECR I-1341, 88. mgr.; mál T-24/90, *Automec* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1992] ECR II-2223, 73.–77. mgr. Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri við framkvæmd og beitingu ákvæða EES-samningsins að túlka þau ákvæði, sem séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Evrópubandalagsins og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, í samræmi við þá dóma Dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðin hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins. Af ákvæðum 2. mgr. 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn ber að taka tilhlyðilegt tillit til þeirra grundvallarreglna sem mælt er fyrir um í viðkomandi úrskurðum Dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðin eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins.

⁽⁹⁾ Sbr. einkum 5., 6., 11., 12., 15., 22., 29. og 40. gr. II. kafla.

⁽¹⁰⁾ Sbr. tilkynningu um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirkvalda, 5. mgr. og áfram.

⁽¹¹⁾ Viðtekin dómaframkvæmd í bandalaginu, sbr. mál 127/73, *Belgische Radio en Televisie (BRT)* gegn *SABAM og Fonior*, [1974] ECR 51, 16. mgr.; mál C-282/95 P, *Guérin automobiles* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1997] ECR I-1503, 39. mgr.; mál C-453/99, *Courage* gegn *Bernhard Crehan*, [2001] ECR I-6297, 23. mgr.

⁽¹²⁾ Sjá mál E-4/01, *Karlsson*, Skýrsla EFTA-dómstólsins [2002], bls. 240, 28. mgr.

⁽¹³⁾ Sjá mál E-1/94, *Restamark*, Skýrsla EFTA-dómstólsins [1994–1995], bls. 15, 77. mgr.

13. Landsdómstólar geta úrskurðað hvort samningar eru gildir eða ógildir og landsdómstólar einir geta dæmt einstaklingi skaðabætur vegna brots á 53. og 54. gr. EES-samningsins. Til þess að tryggt sé að samkeppnisreglur EES-samningsins skili fullum árangri verður hver einstaklingur að geta krafist bóta fyrir tjón af völdum samnings eða háttsemi sem hamlar samkeppni eða brenglar hana. Skaðabótamál, sem rekin eru í því skyni fyrir landsdómstólum, geta haft mikið að segja þegar kemur að því að viðhalda virkri samkeppni í löndunum sem EES-samningurinn tekur til með því að letja fyrirtæki til að gera með sér samkeppnishamlandi samninga, semja um samkeppnishamlandi háttsemi eða beita samningum eða háttsemi af því tagi ⁽¹⁴⁾.
14. Í II. kafla er sérstakt tillit tekið til þess að landsdómstólar gegna einkar mikilvægu hlutverki í beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins ⁽¹⁵⁾. Þar eð landsdómstólum er nú gert heimilt að beita 3. mgr. 53. samningsins geta fyrirtæki ekki lengur tafið málsmeðferð fyrir landsdómstóli með því að senda Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningu, og þannig hefur verið rutt úr vegi hindrun fyrir rekstri einkamála sem var fyrir hendi samkvæmt áðurgildandi reglum.
15. Með fyrirvara um rétt eða skyldu landsdómstóla til að óska eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól er skýrt kveðið á um það í 1. mgr. 15. gr. II. kafla að landsdómstólum sé heimilt að leita álits eða upplýsinga hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Þetta ákvæði er sett til þess að gera landsdómstólum auðveldara um vik að beita 53. og 54. gr. ⁽¹⁶⁾.
16. Málshöfðun fyrir landsdómstólum hefur eftirtalda kosti fyrir kærendur:
- Landsdómstólar geta dæmt bætur vegna tjóns af völdum brots á 53. eða 54. gr.
 - Landsdómstólar geta úrskurðað um fjárkröfur og samningsskyldur sem leiðir af samningi sem er til athugunar samkvæmt ákvæðum 53. gr.
 - Það er hlutverk landsdómstóla að dæma gerninga ógilda á grundvelli 2. mgr. 53. gr. þegar um ræðir samninga milli einstaklinga ⁽¹⁷⁾. Nánar tiltekið geta þeir, með hliðsjón af gildandi landslögum, metið hversu víðtækar afleiðingar það hefur ef tiltekin samningsákvæði eru dæmd ógild á grundvelli 2. mgr. 53. gr., með sérstöku tilliti til allra annarra atriða sem samningurinn fjallar um ⁽¹⁸⁾.
 - Landsdómstólar eiga að jafnaði auðveldara um vik en Eftirlitsstofnun EFTA að kveða á um tímabundnar ráðstafanir ⁽¹⁹⁾.
 - Við málarekstur fyrir landsdómstólum er unnt að sameina kröfu samkvæmt samkeppnislöggjöf EES og kröfu samkvæmt landslögum.
 - Dómstólar hafa yfirleitt heimildir til að úrskurða að málskostnaður skuli endurgreiddur sóknaraðila ef dæmt hefur verið honum í hag. Engin tók eru á slíku við stjórnsýslumeðferð á vegum eftirlitsstofnunarinnar.
17. Sú staðreynd að kvartandi getur varið réttindi sín með málshöfðun fyrir landsdómstóli er mikilvægt atriði sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að hafa hliðsjón af þegar hún metur hversu mikla þýðingu það hefur fyrir framkvæmd EES-samningsins að kvörtun sé tekin til rannsóknar ⁽²⁰⁾.
18. Nýja fullnustukerfið, sem komið er á með II. kafla, gerir kærendum að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA auðveldara fyrir að leita réttar síns og ná fram raunverulegri úrlausn fyrir landsdómstólum.

⁽¹⁴⁾ Mál C-453/99, *Courage gegn Bernhard Crehan*, [2001] ECR I-6297, 26. og 27. mgr.

⁽¹⁵⁾ Sbr. 1., 6. og 15. gr. II. kafla.

⁽¹⁶⁾ Um ítarlegri skýringar á þessari tilhögun, sjá tilkynningu um samstarf Eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóla í EFTA-rikjunum í tengslum við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins, Stjtið. ESB C 305, 14.12.2006, p. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 62, 14.12.2006, bls. 21.

⁽¹⁷⁾ Mál T-24/90, *Automec gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1992] ECR II-2223, 93. mgr.

⁽¹⁸⁾ Sbr. dóma EFTA-dómstólsins í máli E-3/97 *Jæger gegn Opel Norge*, Skýrsla EFTA-dómstólsins [1998], bls. 1, 77. mgr., og máli E-7/01 *Hegelstad gegn Hydro Texaco*, Skýrsla EFTA-dómstólsins [2002], bls. 310, 43. mgr., auk dóma dómstóla Evrópubandalaganna í máli C-230/96, *Cabour og Nord Distribution Automobile gegn Arnor "SOCO"*, [1998] ECR I-2055, 51. mgr.; sameinuðum málum T-185/96, T-189/96 og T-190/96, *Dalmasso o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1999] ECR II-93, 50. mgr.

⁽¹⁹⁾ Sbr. 8. gr. II. kafla og 80. mgr. hér á eftir. Eftir því sem við á í einstökum málum geta samkeppnisyfírvöld í EFTA-rikjunum haft jafngóðar forsendur til að samþykkja tímabundnar ráðstafanir.

⁽²⁰⁾ Sbr. 41. mgr. hér á eftir og áfram.

C. Verkaskipting milli stjórnvalda sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna í EFTA-stoðinni

19. Í kerfinu, sem komið er á í II. kafla, er bæði Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum veitt vald til að beita ákvæðum 53. og 54. gr. í heild (sbr. 5. gr.). Stuðlað er enn frekar að dreifingu valdheimilda til samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum með því að mæla fyrir um upplýsingaskipti (sbr. 12. gr.) og gagnkvæma aðstoð í tengslum við rannsóknir (sbr. 22. gr.).
20. Í II. kafla er ekki kveðið á um verkaskiptingu milli Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum, heldur ræðst skipting verkefna af samstarfi eftirlitsstofnunarinnar og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda. Ákvæði II. kafla hafa það markmið að tryggja árangursríka framkvæmd 53. og 54. gr. á grundvelli sveigjanlegrar verkaskiptingar milli stjórnvalda sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna í EFTA.
21. Leiðsögn um verkaskiptingu milli Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum er að finna í annarri tilkynningu ⁽²¹⁾. Leiðbeiningar í þeirri tilkynningu, sem varðar samskipti stjórnvalda sem fara með framkvæmd samkeppnisreglna í EFTA, ættu að reynast kvartendum gagnlegar þar eð þær gera þeim kleift að snúa sér til þess samkeppnisyfirvalds sem líklegt er að sé best til þess fallið að fjalla um mál þeirra.
22. Í tilkynningu um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda er einkum að finna þessi ákvæði ⁽²²⁾:

„Yfirvald getur talist vel til þess fallið að fjalla um mál ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- 1) Samningurinn eða aðgerðin hefur umtalsverð bein framkomin eða fyrirsjáanleg samkeppnisáhrif á landsvæðinu sem lögsaga yfirvaldsins tekur til, eða kemur til framkvæmda eða á uppruna sinn þar.
- 2) Yfirvaldið getur bundið að fullu enda á brotið, þ.e. getur tekið bannákvörðun sem nægir til að stöðva brotið, og getur beitt hæfilegum viðurlögum við því þar sem það á við.
- 3) Yfirvaldið getur safnað nægilegum gögnum til að færa sönnur á brotið, hugsanlega með aðstoð annarra yfirvalda.

Af ofantöldum viðmiðum má ráða að áþreifanleg tenging verður að vera milli brotsins og yfirráðasvæðis EFTA-ríkis til þess að samkeppnisyfirvald í því EFTA-ríki geti talist vera vel til þess fallið að fjalla um málið. Vænta má að yfirvöld í þeim EFTA-ríkjum, sem brot hefur veruleg samkeppnisáhrif í, séu í flestum tilvikum vel fallin til að fjalla um brotið, að því tilskildu að þau geti stöðvað það að fullu, hvort heldur er með einhliða eða samhliða afskiptum, nema Eftirlitsstofnun EFTA sé betur til þess fallin að fjalla um málið (sjá [...] hér á eftir).

Af þessu leiðir að samkeppnisyfirvald í einu landi er yfirleitt vel til þess fallið að fjalla um samninga og aðgerðir sem hafa fyrst og fremst veruleg samkeppnisáhrif í umdæmi þess. [...]

Afskipti samkeppnisyfirvalds í einu EFTA-ríki geta einnig verið viðeigandi ef slík afskipti nægja til að binda að fullu enda á brotið, enda þótt samkeppnisyfirvöld í öðrum EFTA-ríkjum geti einnig talist vel til þess fallin að fjalla um málið. [...]

Samhliða afskipti samkeppnisyfirvalda í fleiri en einu EFTA-ríki kunna að vera viðeigandi þegar samningur eða aðgerð hefur fyrst og fremst veruleg samkeppnisáhrif í umdæmum þeirra og umfjöllun samkeppnisyfirvalds í aðeins einu ríki myndi ekki nægja til að binda enda á brotið að fullu og/eða ná fram fullnægjandi viðurlögum. [...]

Yfirvöld, sem fjalla um mál samhliða, skulu af fremsta megni leitast við að samhæfa afskipti sín. Í því skyni getur reynst gagnlegt að fela yfirvaldi í öðru landinu stjórn málsins, og þar með verkefni á borð við samhæfingu rannsóknarinnar, þótt hvort yfirvald um sig haldi sinni málsmeðferð áfram.

⁽²¹⁾ Tilkynning um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda.

⁽²²⁾ Tilkynning um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda, 8.–14. mgr.

Eftirlitsstofnun EFTA er einnig vel til þess fallin að fjalla um mál ef einn eða fleiri samningar eða aðgerðir, til að mynda kerfi áþekkra samninga eða aðgerða, hafa samkeppnisáhrif í tveimur eða fleiri EFTA-rikkjum (markaðir sem ná yfir landamæri og taka til tveggja eða fleiri EFTA-rikkja eða fleiri en eins landsmarkaðar).

Jafnframt er Eftirlitsstofnun EFTA einkar vel til þess fallin að fjalla um mál ef það tengist náð öðrum ákvæðum EES-samningsins, sem eftirlitsstofnunin getur beitt ein eða með betri árangri, og þegar ákvörðun af hálfu eftirlitsstofnunarinnar er nauðsynleg vegna framkvæmdar EES-samningsins í því skyni að útfæra samkeppnisstefnu á Evrópska efnahagssvæðinu í tengslum við ný álitamál á sviði samkeppnisréttar eða til þess að tryggja árangursríka framkvæmd samkeppnisreglna.“

23. Í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda verða upplýsingar um mál, sem tekin hafa verið til rannsóknar í kjölfar kvörtunar, sendar öðrum aðilum netsins áður en hafist er handa um formlega rannsókn, eða tafarlaust eftir það ⁽²³⁾. Hafi sama kvörtun borist fleiri en einu yfirvaldi eða hafi mál ekki verið sent yfirvaldi sem er vel til þess fallið að fjalla um það munu aðilar netsins leitast við að ákveða innan tveggja mánaða viðmiðunarfrests hvaða yfirvald eða yfirvöld skuli taka að sér málið.
24. Kvartendurnir geta sjálfir gegnt mikilvægu hlutverki við að draga enn frekar úr hugsanlegri þörf á að endurráðstafa máli sem rís af kvörtun þeirra með því að hafa hliðsjón af leiðsögn um verkaskiptingu í netinu sem er að finna í þessum kafla þegar þeir ákveða hvert kvörtun skuli send. Sé máli engu að síður endurráðstafað í netinu skulu viðkomandi samkeppnisyfirvöld greina hlutaðeigandi fyrirtækjum og kvartendum frá því svo skjótt sem auðið er ⁽²⁴⁾.
25. Samkvæmt ákvæðum 13. gr. II. kafla er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að vísa kvörtun frá á þeirri forsendu að samkeppnisyfirvald í EFTA-riki hafi, eða hafi haft, málið til umfjöllunar. Þegar þetta er gert verður eftirlitsstofnunin, í samræmi við ákvæði 9. gr. III. kafla, að greina kvartanda tafarlaust frá því hvaða samkeppnisyfirvald EFTA-rikis hafi, eða hafi haft, málið til umfjöllunar.

III. MEÐFERÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á KVÖRTUNUM Á GRUNDELLI 2. MGR. 7. GR. II. KAFLA

A. Almenn atriði

26. Í 2. mgr. 7. gr. II. kafla er kveðið á um að einstaklingum eða lögaðilum, sem geti sýnt fram á lögmæta hagsmuni ⁽²⁵⁾, sé heimilt að leggja fram kvörtun þess efnis að Eftirlitsstofnun EFTA úrskurði að brotið hafi verið gegn ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins og að það brot verði stöðvað í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. II. kafla. Í þessum hluta tilkynningarinnar, sem hér birtist, er að finna skýringar á því hvaða kröfur eru gerðar til kvartana sem byggjast á 2. mgr. 7. gr. II. kafla, hvernig þær eru metnar og hvaða málsmeðferð er fylgt hjá eftirlitsstofnuninni.
27. Eftirlitsstofnun EFTA er að því leyti ólík almennum dómstólum, sem hafa það hlutverk að standa vörð um réttindi einstaklinga, að hún er stjórnsýslustofnun sem ber að vinna í almannapágu. Það liggur í eðli hlutverks eftirlitsstofnunarinnar sem stjórnvalds sem fer með framkvæmd samkeppnisreglna, að hún hefur tiltekin matsvik um það hvaða atriði njóta forgangs við þá framkvæmd ⁽²⁶⁾.
28. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að láta kvartanir, sem henni berast, njóta mismikils forgangs og við forgangsröðunina getur hún tekið mið af því hversu mikla þýðingu hvert einstakt mál hefur fyrir framkvæmd EES-samningsins ⁽²⁷⁾. Eftirlitsstofnunin getur vísað kvörtun frá ef hún telur að málið hafi ekki nægilega þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins til þess að réttlæti frekari rannsókn. Ef eftirlitsstofnunin vísar kvörtun frá á kvartandi kröfu á því að stofnunin gefi út ákvörðun þess efnis ⁽²⁸⁾ með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 7. gr. III. kafla.

⁽²³⁾ 2. og 3. mgr. 11. gr. II. kafla; tilkynning um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda, 15.–16. mgr.

⁽²⁴⁾ Tilkynning um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda, 33. mgr.

⁽²⁵⁾ Um ítarlegri skýringar á þessu hugtaki sérstaklega, sjá 33. mgr. hér á eftir og áfram.

⁽²⁶⁾ Dómstólar Evrópubandalaganna hafa viðurkennt að framkvæmdastjórnin hafi slík matsvik í starfi sínu við framfylgd gildandi reglna, sjá t.d. mál C-119/97 P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1999] ECR I-1341, 88. mgr.; mál T-24/90, *Automec gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1992] ECR II-2223, 73.–77. og 85. mgr. Sjá einnig 8. mgr. hér á undan.

⁽²⁷⁾ Framkvæmdastjórnin getur vísað til þess að þýðing máls fyrir bandalagið sé sjónarmið sem varðar forgangsröðun og hefur það verið viðtekið frá máli T-24/90, *Automec gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1992] ECR II-2223, 85. mgr. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að hún hafi hliðstæða heimild í sambengi við EES-samninginn.

⁽²⁸⁾ Sjá í bandalagssamhengi: mál C-282/95 P, *Guérin automobiles gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1997] ECR I-1503, 36. mgr.

B. Framlagning kvartana á grundvelli 2. mgr. 7. gr. II. kafla*a) Eyðublað fyrir kvartanir*

29. Kvörtun á grundvelli 2. mgr. 7. gr. II. kafla getur aðeins varðað meint brot á ákvæðum 53. eða 54. gr. EES-samningsins sem leiða ætti til aðgerða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 1. mgr. 7. gr. II. kafla. Kvörtun á grundvelli 2. mgr. 7. gr. II. kafla verður að leggja fram í samræmi við eyðublað C sem um getur í 1. mgr. 5. gr. III. kafla.
30. Eyðublað C er birt á slóðinni www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldcompetition/faq og í viðauka við þessa tilkynningu. Kvörtun ber að leggja fram í þremur eintökum á pappír, auk eintaks á rafrænu formi eftir því sem við verður komið. Þessu til viðbótar verður kvartandi að leggja fram sérstaka útgáfu af kvörtuninni sem hefur ekki að geyma trúnaðarupplýsingar (sbr. 2. mgr. 5. gr. III. kafla). Senda má Eftirlitsstofnun EFTA kvartanir rafrænt um ofangreinda vefsíðu, en eintök á pappír skal senda á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority
Competition and State Aid Directorate
35, Rue Belliard
B-1040 Bruxelles/Brussel

31. Á eyðublaði C er kvartendum gert að leggja fram ítarlegar upplýsingar um kvörtunina. Jafnframt ber þeim að leggja fram afrit af skjölum sem varða málið og þeir geta nálgast án mikilla vandkvæða, og eftir því sem unnt er vísa Eftirlitsstofnun EFTA á aðrar upplýsingar og önnur skjöl sem varða málið en þeir hafa ekki getað nálgast. Eftirlitsstofnunin getur tekið þann kost í einstökum málum að veita undanþágu frá skyldunni að leggja fram upplýsingar að því er varðar sumt af þeim upplýsingum sem krafist er á eyðublaði C (sbr. 1. mgr. 5. gr. III. kafla). Að álitum eftirlitsstofnunarinnar getur þetta einkum komið til greina í því skyni að gera neytendasamtökum auðveldara um vik að leggja fram kvartanir þegar þannig stendur á, í tengslum við kvörtun sem er vel rökstudd að öðru leyti, að þau geta ekki nálgast tilteknar upplýsingar í förum fyrirtækjanna sem kvörtunin beinist að.
32. Eftirlitsstofnun EFTA mun fara með bréfasendingar, sem fullnægja ekki kröfunum í 5. gr. III. kafla og teljast því ekki kvörtun í skilningi 2. mgr. 7. gr. II. kafla, sem almennar upplýsingar sem geta leitt til rannsóknað að eigin frumkvæði stofnunarinnar, reynist þær gagnlegar (sbr. 4. mgr. hér á undan).

b) Lögmætir hagsmunir

33. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. II. kafla geta aðeins einstaklingar og lögaðilar, sem geta sýnt fram á lögmæta hagsmuni, haft stöðu formlegs kvartanda⁽²⁹⁾. EFTA-rikin teljast hafa lögmætra hagsmuna að gæta í tengslum við allar kvartanir sem þau kjósa að leggja fram.
34. Í mörgum tilvikum er skilyrðið um lögmæta hagsmuni engum vafa undirorpið þar eð meint brot hefur bitnað á kvartendum með beinum hætti. Á hinn bóginn koma einnig fyrir aðstæður þar sem nánari greiningar er þörf á skilyrðinu um „lögmæta hagsmuni“ í 2. mgr. 7. gr. til þess fullyrða megi að því sé fullnægt. Til þess að veita nýtilega leiðsögn um þetta er hentugast að sýna dæmi, sem verða þó ekki tæmandi.
35. Undirréttur EB hefur úrskurðað að samtök fyrirtækja geti gert tilkall til þess að teljast hafa lögmæta hagsmuni af því að leggja fram kvörtun um háttsemi sem varðar félag að samtökunum, enda þótt háttsemin, sem kvörtunin lýtur að, varði þau ekki beint sem starfandi fyrirtæki á viðkomandi markaði, að því tilskildu, í fyrsta lagi, að samtökin hafi umboð til að koma fram fyrir hönd félaga sinna, og í öðru lagi að háttsemin, sem kvörtunin lýtur að, geti bitnað á hagsmunum félaganna⁽³⁰⁾. Á hinn bóginn hafa dómur fallið á þá leið að framkvæmdastjórninni sé heimilt að fylgja ekki eftir kvörtun frá samtökum fyrirtækja þegar þannig stendur á að félagar samtakanna áttu ekki aðild að viðskiptum þeirrar gerðar sem kvörtunin varðaði⁽³¹⁾.

⁽²⁹⁾ Sbr. 1. mgr. 5. gr. II. viðauka.

⁽³⁰⁾ Mál T-114/92, *Bureau Européen des Médias et de l'Industrie Musicale (BEMIM)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1995] ECR II-147, 28. mgr. Samtök fyrirtækja voru einnig kvartendur í málum sem lágu að baki dómum í máli 298/83, *Comité des industries cinématographiques des Communautés européennes (CICCE)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1985] ECR II-1105 og máli T-319/99, *Federacion Nacional de Empresas (FENIN)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [2003] ECR II-357.

⁽³¹⁾ Sameinuð mál T-133/95 og T-204/95, *International Express Carriers Conference (IECC)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1998] ECR II-3645, 79.–83. mgr.

36. Að teknu tilliti til þessarar dómaframkvæmdar er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að fyrirtæki geti (sjálf eða fyrir tilstuðlan samtaka sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd) gert tilkall til að teljast hafa lögmætra hagsmuna að gæta bæði þegar þau starfa á viðkomandi markaði og þegar háttsemin, sem kvörtunin lýtur að, getur bitnað á hagsmunum þeirra með beinum hætti. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að meðal þeirra, sem geta gert tilkall til að teljast hafa lögmætra hagsmuna að gæta, séu aðilar að samningnum eða háttseminni sem kvörtunin lýtur að, keppinautar sem telja hagsmuni sína hafa skaðast af athæfinu sem kvörtunin beinist að, og fyrirtæki sem hafa verið úti-lokuð frá dreifingarkerfi.
37. Neytendasamtök geta einnig sent Eftirlitsstofnun EFTA kvartanir ⁽³²⁾. Eftirlitsstofnunin er ennfremur þeirrar skoðunar að einstakir neytendur geti einnig talist hafa lögmætra hagsmuna að gæta þegar efnahagslegir hagsmunir þeirra eru í veði með beinum hætti í þeim skilningi að þeir eru kaupendur varnings eða þjónustu sem brotið varðar ⁽³³⁾.
38. Aftur á móti telur Eftirlitsstofnun EFTA það ekki lögmæta hagsmuni í skilningi 2. mgr. 7. gr. þótt einstaklingar eða félög kjósi að bera upp erindi á grundvelli almannahagsmuna (*pro bono publico*), án þess að sýna fram á að brotið geti bitnað beint á hagsmunum þeirra sjálfra eða félaga þeirra.
39. Sveitarstjórnir og héraðsstjórnir kunna að geta sýnt fram á að þær hafi lögmætra hagsmuna að gæta þar eð þær séu kaupendur eða notendur varnings eða þjónustu sem verður fyrir áhrifum af háttseminni sem kvörtunin lýtur að. Á hinn bóginn geta þær ekki talist hafa sýnt að þau hafi lögmætra hagsmuna að gæta í skilningi 2. mgr. 7. gr. II. kafla þótt þau veki athygli Eftirlitsstofnunar EFTA á meintum brotum í þeim tilgangi að gæta almannahagsmuna.
40. Kvartendur verða að færa sönnur á að þeir hafi lögmætra hagsmuna að gæta. Ef einstaklingur eða lögaðili, sem lagt hefur fram kvörtun, reynist ófær um að sýna fram á lögmæta hagsmuni er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt, með fyrirvara um rétt stofnunarinnar til að hefja málsmeðferð að eigin frumkvæði, að fylgja kvörtuninni ekki eftir. Eftirlitsstofnunin getur tekið til athugunar á hvaða stigi rannsóknarinnar sem vera skal hvort þessu skilyrði sé fullnægt ⁽³⁴⁾.

C. Mat á kvörtunum

a) Þýðing fyrir framkvæmd EES-samningsins

41. Með tilvisun til viðtekinnar dómaframkvæmdar í dómstólum Evrópubandalaganna og stjórnsýslu-framkvæmdastjórnarinnar er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að henni sé ekki skylt að hefja rannsókn í hverju einstökum máli ⁽³⁵⁾ og enn síður að taka ákvörðun í skilningi a-liðar 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól um hvort brot á ákvæðum 53. eða 54. gr. EES-samningsins liggja fyrir eða ekki ⁽³⁶⁾, heldur sé henni heimilt að forgangsraða kvörtunum sem henni berast og vísa til þess hvaða þýðingu þær hafi fyrir framkvæmd EES-samningsins þegar ákveðið er hversu mikinn forgang eigi að gefa einstökum kvörtunum ⁽³⁷⁾. Þetta á við nema því aðeins að eftirlitsstofnunin sé eina yfirvaldið sem er lögbært til að fjalla um kvörtunina ⁽³⁸⁾.
42. Eftirlitsstofnun EFTA verður þó að taka til vandlegrar athugunar málsatvik og lagaatriði sem kvartandi vekur máls á til þess að geta metið hvaða þýðingu frekari rannsókn á málinu hefði fyrir framkvæmd EES-samningsins ⁽³⁹⁾.

⁽³²⁾ Sjá í bandalagssamhengi: mál T-37/92, *Bureau Européen des Unions des Consommateurs (BEUC)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1994] ECR II-285, 36. mgr.

⁽³³⁾ Þetta er nú til umfjöllunar í máli sem liggur fyrir undirrétti EB (sameinuð mál T-213 og 214/01). Framkvæmdastjórnin hefur einnig tekið til greina kvörtun frá einstökum neytanda í ákvörðun sinni frá 9. desember 1998 í máli IV/D-2/34.466, *Greek Ferries*, Stjtið. EB L 109, 27.4.1999, bls. 24, 1. mgr.

⁽³⁴⁾ Sameinuð mál T-133/95 og T-204/95, *International Express Carriers Conference (IECC)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1998] ECR II-3645, 79. mgr.

⁽³⁵⁾ Mál T-24/90, *Automec* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1992] ECR II-2223, 76. mgr.; mál C-91/95 P, *Roger Tremblay o.fl.* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1996] ECR I-5547, 30. mgr.

⁽³⁶⁾ Mál 125/78, *GEMA* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1979] ECR 3173, 17. mgr.; mál C-119/97P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl.* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1999] ECR I-1341, 87. mgr.

⁽³⁷⁾ Viðtekin dómaframkvæmd í bandalaginu frá máli T-24/90, *Automec* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1992] ECR II-2223, 77. og 85. mgr.; sjá einnig 26. og 27. nmgr. hér á undan.

⁽³⁸⁾ Viðtekin dómaframkvæmd í bandalaginu frá máli T-24/90, *Automec* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1992] ECR II-2223, 75. mgr. Að því er varðar II. kafla kann þessi regla aðeins að eiga við í tengslum við 29. gr. kaflans.

⁽³⁹⁾ Sjá í þessu samhengi: mál 210/81, *Oswald Schmidt, fyrir hönd Demo-Studio Schmidt* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1983] ECR 3045, 19. mgr.; mál C-119/97 P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl.* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1999] ECR I-1341, 86. mgr.

43. Mat á því hvaða þýðingu kvörtun hefur fyrir framkvæmd EES-samningsins ræðst af aðstæðum máls hverju sinni. Af því leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA er hvorki bundin af afmörkuðum fjölda matssjónarmiða né er henni skylt að byggja matið eingöngu á tilteknum sjónarmiðum. Þar eð málsatvik og lagaumhverfi geta verið afar mismunandi í einstökum málum er leyfilegt að byggja matið á nýjum sjónarmiðum sem ekki hafa verið skoðuð áður ⁽⁴⁰⁾. Þar sem við á getur eftirlitsstofnunin lagt höfuðáherslu á eitt sjónarmið þegar hún metur þýðingu máls fyrir framkvæmd EES-samningsins ⁽⁴¹⁾.
44. Eftirfarandi eru dæmi um sjónarmið sem geta talist skipta máli um mat á því hvaða þýðingu (frekari) rannsókn á máli hefði fyrir framkvæmd EES-samningsins:
- Eftirlitsstofnun EFTA getur vísað kvörtun frá á þeirri forsendu að kvartandi geti sótt rétt sinn með því að höfða mál fyrir landsdómstólum ⁽⁴²⁾.
 - Eftirlitsstofnuninni er ekki heimilt að lita svo á að vissar aðstæður falli í grundvallaratriðum utan ábyrgðarsviðs hennar samkvæmt því hlutverki sem henni er falið í EES-samningnum, heldur er henni skylt að meta í hverju tilviki hversu alvarleg hin meintu brot eru og hversu viðvarandi afleiðingar þeirra eru. Þetta merkir einkum að hún verður að lita til þess hversu lengi brotin, sem kvörtunin lýtur að, standa, hversu víðtæk þau eru og hvaða áhrif þau hafa á samkeppnisaðstæður á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til ⁽⁴³⁾.
 - Eftirlitsstofnunin getur þurft að vega saman hversu mikil áhrif meint brot hefur á framkvæmd EES-samningsins, hversu líklegt er að færa megi sönnur á brotið og hversu víðtækrar rannsóknar er þörf til þess að geta innt af hendi það verkefni að tryggja að ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins sé fullnægt ⁽⁴⁴⁾.
 - Þó að matsvik eftirlitsstofnunarinnar séu ekki háð því hversu vel á veg rannsókn er komin er þetta atriði þó meðal þeirra aðstæðna málsins sem eftirlitsstofnunin getur þurft að hafa hliðsjón af ⁽⁴⁵⁾.
 - Eftirlitsstofnunin getur ákveðið að ekki sé ástæða til að taka til rannsóknar kvörtun sem varðar háttsemi sem er ekki lengur fyrir hendi. Í þessu skyni verður eftirlitsstofnunin þó að ganga úr skugga um hvort samkeppnishamlandi áhrif séu viðvarandi og hvort brotin séu nógu alvarleg eða áhrif þeirra nógu viðvarandi til þess að kvörtunin hafi þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins ⁽⁴⁶⁾.
 - Eftirlitsstofnunin getur einnig ákveðið að ekki sé ástæða til að taka kvörtun til rannsóknar ef hlutaðeigandi fyrirtæki fallast á að breyta háttsemi sinni þannig að stofnunin geti fallist á að það hafi ekki lengur nægilega þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins til að ástæða sé til aðgerða ⁽⁴⁷⁾.
45. Eftirlitsstofnunin getur vísað kvörtun frá ef hún telur að málið hafi ekki nægilega þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins til þess að réttlæti (frekari) rannsókn. Ákvörðun af því tagi má taka hvort heldur sem er áður en rannsókn hefst eða eftir að rannsóknarstarf er hafið ⁽⁴⁸⁾. Eftirlitsstofnuninni er hins vegar ekki skylt að vísa kvörtun frá á þeirri forsendu að hún hafi ekki nægilega þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins ⁽⁴⁹⁾.

⁽⁴⁰⁾ Mál C-119/97 P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1999] ECR I-1341, 79.–80. mgr.

⁽⁴¹⁾ Sjá í þessu samhengi: mál C-450/98 P, *International Express Carriers Conference (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [2001] ECR I-3947, 57.–59. mgr.

⁽⁴²⁾ Sjá í þessu samhengi: mál T-24/90, *Automec gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1992] ECR II-2223, 88. mgr. og áfram; mál T-5/93, *Roger Tremblay o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1995] ECR II-185, 65. mgr. og áfram; mál T-575/93, *Casper Koelman gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1996] ECR II-1, 75.–80. mgr.; sjá einnig II. undirkafla hér á undan sem hefur að geyma ítarlegri skýringar á þessum aðstæðum.

⁽⁴³⁾ Sjá í þessu samhengi: mál C-119/97 P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1999] ECR I-1341, 92.–93. mgr.

⁽⁴⁴⁾ Viðtekin dómaframkvæmd í bandalaginu frá máli T-24/90, *Automec gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1992] ECR II-2223, 86. mgr.

⁽⁴⁵⁾ Sjá í þessu samhengi: mál C-449/98 P, *International Express Carriers Conference (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna* [2001] ECR I-3875, 37. mgr.

⁽⁴⁶⁾ Sjá í þessu samhengi: mál T-77/95, *Syndicat français de l'Express International o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna* [1997] ECR II-1, 57. mgr.; mál C-119/97 P, *Union française de l'express (Ufex) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1999] ECR I-1341, 95. mgr. Sbr. einnig mál T-37/92, *Bureau Européen des Unions des Consommateurs (BEUC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1994] ECR II-285, 113. mgr., en þar var niðurstaðan sú að óskráð skuldbinding milli aðildarríkis og ríkis, sem stóð utan hinnar sameiginlegu viðskiptastefnu, nægði ekki sem staðfesting þess að látið hefði verið af háttseminni sem kvörtunin laut að.

⁽⁴⁷⁾ Sjá í þessu samhengi: mál T-110/95, *International Express Carriers (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna o.fl.*, [1998] ECR II-3605, 57. mgr., staðfest í máli 449/98 P, *International Express Carriers (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna o.fl.*, [2001] ECR I-3875, 44.–47. mgr.

⁽⁴⁸⁾ Sjá í þessu samhengi: mál C-449/98 P, *International Express Carriers (IECC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna o.fl.* [2001] ECR I-3875, 37. mgr.

⁽⁴⁹⁾ Sjá í þessu samhengi: mál T-77/92, *Parker Pen gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1994] ECR II-549, 64.–65. mgr.

b) *Mat á grundvelli 53. og 54. gr.*

46. Mat á kvörtun á grundvelli ákvæða 53. og 54. gr. fer fram í tvennu lagi: annars vegar þurfa tiltekin málsatvik að liggja fyrir til að unnt sé að sanna brot á ákvæðum 53. eða 54. gr. og hins vegar þarf að meta lagalegar hliðar háttseminnar sem kvörtunin lýtur að.
47. Vísa má kvörtun frá ef hún uppfyllir kröfurnar, sem gerðar eru í 5. gr. III. kafla og á eyðublaði C, en hefur ekki að geyma fullnægjandi rökstuðning fyrir ásökunum sem bornar eru fram⁽⁵⁰⁾. Til þess að vísa megi kvörtun frá á þeirri forsendu að háttsemin, sem hún lýtur að, sé ekki brot á samkeppnisreglum EES-samningsins og falli ekki undir gildissvið þeirra er Eftirlitsstofnun EFTA ekki skylt að taka tillit til aðstæðna sem kvartandi hefur ekki bent henni á og hún hefði aðeins getað leitt í ljós með rannsókn á málinu⁽⁵¹⁾.
48. Því verður ekki við komið í þessari tilkynningu að lýsa með tæmandi hætti sjónarmiðum sem ráða lagalegu mati á samningum og háttsemi á grundvelli 53. og 54. gr. Hins vegar er þeim, sem kynnu að vilja leggja fram kvörtun, bent á ítarlegar leiðbeiningar um þetta sem fánlegar eru hjá Eftirlitsstofnun EFTA⁽⁵²⁾, auk annarra heimilda, einkum dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna og stjórnarsýslufrákvæmd eftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar⁽⁵³⁾. Í eftirfarandi málsgreinum er tæpt á fjórum sértekum atriðum ásamt ábendingum um frekari upplýsingar.
49. Undir gildissvið 53. og 54. gr. EES-samningsins falla samningar og háttsemi sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðila að samningnum. Fullnægi samningur eða háttsemi ekki þessu skilyrði geta ákvæði í samkeppnisrétti einstakra ríkja átt við, en ekki ákvæði EES-samkeppnisréttar. Ítarlega leiðsögn um þetta efni er að finna í tilkynningu um hugtakið áhrif á viðskipti⁽⁵⁴⁾.
50. Samningar, sem falla undir gildissvið 53. gr., geta verið samningar sem skipta litlu máli og teljast ekki hamla samkeppni merkjanlega. Leiðsögn um þetta atriði er að finna í tilkynningu um minniháttarsamninga⁽⁵⁵⁾.
51. Samningar, sem fullnægja skilyrðum hópundanþágureglugerðar, teljast fullnægja skilyrðum 3. mgr. 53. gr. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti meinað fyrirtæki að njóta hópundanþágu samkvæmt 29. gr. II. kafla verður hún að geta dregið þá niðurstöðu af mati á einstöku máli að samningurinn, sem undanþágureglugerðin tekur til, hafi haft áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
52. Samningar, sem eru samkeppnishamlandi í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, kunna að fullnægja skilyrðum 3. mgr. 53. gr. samningsins. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. II. kafla er ekki lagt bann við slíkum samningum, og þarf ekki að koma til sérstök stjórnarsýsluleg ákvörðun um það. Leiðsögn um skilyrði, sem samningur þarf að fullnægja samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 53. gr., er að finna í tilkynningu um 3. mgr. 53. gr.⁽⁵⁶⁾

D. Málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA þegar kemur að kvörtunum

a) *Yfirlit*

53. Eins og ríftað hefur verið upp er Eftirlitsstofnun EFTA ekki skylt að hefja rannsókn á sérhverri kvörtun sem henni berst í því skyni að komast að því hvort brot hafi átt sér stað. Eftirlitsstofnuninni ber þó að taka til vandlegrar athugunar málsatvik og lagaatriði sem kvartandi vekur máls á, til þess

⁽⁵⁰⁾ Mál 298/83, *Comité des industries cinématographiques des Communautés européennes (CICCE)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1985] ECR 1105, 21.–24. mgr.; mál T-198/98, *Micro Leader Business* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1999] ECR II-3989, 32.–39. mgr.

⁽⁵¹⁾ Sjá í þessu sambandi: mál T-319/99, *Federacion Nacional de Empresas (FENIN)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [2003] ECR II-357, 43. mgr.

⁽⁵²⁾ Ítarlega leiðsögn má nálgast á vefsetri eftirlitsstofnunarinnar á slóðinni www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldcompetition.

⁽⁵³⁾ Eins og fram kemur í 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann ber eftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni að hafa með sér samvinnu með það fyrir augum, meðal annars, að stuðla að einsleitri framkvæmd, beitingu og túlkun ákvæða samningsins. Þótt ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar og óformleg leiðsagnarbréf, sem hún sendir frá sér, bindi ekki hendur eftirlitsstofnunarinnar mun hún af þessum sökum leitast við að taka tilhlyðilegt tillit til viðtekinnar málsmeðferðar framkvæmdastjórnarinnar.

⁽⁵⁴⁾ Tilkynning um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins, Stjtið. ESB C 291, 30.11.2006, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 30.11.2006, bls. 18.

⁽⁵⁵⁾ Tilkynning eftirlitsstofnunarinnar um minniháttarsamninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, Stjtið. ESB C 67, 20.3.2003, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 20.3.2003, bls. 11.

⁽⁵⁶⁾ Tilkynning eftirlitsstofnunarinnar – Leiðbeiningar um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, Stjtið. ESB C 208, 6.9.2007, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 6.9.2007, bls. 1.

að geta metið hvort þessir þættir bendi til háttsemi sem líklegt sé að brjóti gegn ákvæðum 53. og 54. gr. ⁽⁵⁷⁾.

54. Málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA þegar kemur að kvörtunum má skipta í nokkra áfanga ⁽⁵⁸⁾.
55. Í fyrsta áfanga, sem kemur í kjölfar þess að kvörtun er lögð fram, rannsakar Eftirlitsstofnun EFTA kvörtunina og kann þá að víða að sér nýjum upplýsingum í því skyni að ákveða til hvaða aðgerða skuli gripið. Þessi áfangi getur falið í sér óformleg skoðanaskipti milli eftirlitsstofnunarinnar og kvartanda með það að markmiði að bregða ljósi á málsatvik og lagaatriði sem kvörtunin lýtur að. Í þessum áfanga getur eftirlitsstofnunin tilkynnt kvartanda fyrstu viðbrögð sín til þess að gefa honum kost á að skýra ásakanir sínar betur með hliðsjón af þeim fyrstu viðbrögðum.
56. Í öðrum áfanga getur Eftirlitsstofnun EFTA rannsakað málið frekar með það að markmiði að hefja málsmeðferð gegn fyrirtækjunum, sem kvörtunin beinist að, á grundvelli 1. mgr. 7. gr. II. kafla. Telji eftirlitsstofnunin að ekki séu nægar ástæður til að fylgja kvörtuninni eftir mun hún senda kvartanda rökstuðning sinn og gefa honum kost á að leggja fram nýjar athugasemdir innan tiltekins frests (sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. III. kafla).
57. Láti kvartandi undir höfuð leggjast að segja álit sitt á þessu áður en frestur eftirlitsstofnunarinnar rennur út telst kvörtunin hafa verið afturkölluð (sbr. ákvæði 3. mgr. 7. gr. III. kafla). Í öllum öðrum tilvikum hefst þriðji áfangi málsmeðferðarinnar með því að eftirlitsstofnunin kynnir sér athugasemdir kvartanda og hefur síðan málsmeðferð gegn þeim sem kvörtunin beinist að eða gefur út ákvörðun þess efnis að kvörtuninni sé vísað frá ⁽⁵⁹⁾.
58. Ef Eftirlitsstofnun EFTA vísar kvörtun frá á grundvelli ákvæða 13. gr. II. kafla, á þeirri forsendu að annað yfirvald hafi, eða hafi haft, málið til umfjöllunar, fer um málsmeðferðina eftir ákvæðum 9. gr. III. kafla.
59. Kvartendur njóta í allri málsmeðferðinni ýmissa réttinda, einkum samkvæmt ákvæðum 6.–8. gr. III. kafla. Málsmeðferð Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum er þó ekki málarekstur milli kvartanda annars vegar og fyrirtækjanna, sem rannsóknin beinist að, hins vegar. Þess vegna eru réttindum kvartanda í tengslum við málsmeðferðina miklu meiri takmörk sett en andmælarétti fyrirtækjanna sem rannsókn á broti beinist að ⁽⁶⁰⁾.

b) Viðmiðunarfrestur til að greina kvartanda frá fyrirhuguðum aðgerðum Eftirlitsstofnunar EFTA

60. Eftirlitsstofnun EFTA er skyld að taka afstöðu til kvartana innan tilhlýðilegs tíma ⁽⁶¹⁾. Hversu langur sá tími er, sem telst tilhlýðilegur, ræðst af aðstæðum máls hverju sinni, einkum samhengi þess, mismunandi þrepum málsmeðferðar hjá eftirlitsstofnuninni, háttsemi málsaðila meðan á málsmeðferð stendur, hversu flókið málið er og hversu miklu það varðar hvern einstakan málsaðila ⁽⁶²⁾.
61. Eftirlitsstofnun EFTA fylgir þeirri meginreglu að viðmiðunarfrestur hennar til greina kvartendum frá því til hvaða aðgerða verði gripið í tengslum við kvörtun sé fjórir mánuðir frá því að kvörtunin barst. Með fyrirvara um aðstæður í einstöku máli, einkum að nauðsynlegt getur reynst að óska viðbótarupplýsinga frá kvartanda eða öðrum aðilum, fylgir eftirlitsstofnunin þannig þeirri meginreglu að greina kvartanda frá því innan fjögurra mánaða hvort hún hyggst rannsaka málið frekar. Þessi frestur er ekki bindandi eða lögboðinn.

⁽⁵⁷⁾ Sjá í þessu samhengi: mál 210/81, *Oswald Schmidt, fyrir hönd Demo-Studio Schmidt* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1983] ECR 3045, 19. mgr.; mál T-24/90, *Automec* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1992] ECR II-2223, 79. mgr.

⁽⁵⁸⁾ Sjá í þessu samhengi: sbr. mál T-64/89, *Automec* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1990] ECR II-367, 45.–47. mgr.; mál T-37/92, *Bureau Européen des Unions des Consommateurs (BEUC)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1994] ECR II-285, 29. mgr.

⁽⁵⁹⁾ Sjá í þessu samhengi: mál C-282/95 P, *Guérin automobiles* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1997] ECR I-1503, 36. mgr.

⁽⁶⁰⁾ Sameinuð mál 142 og 156/84, *British American Tobacco Company* og *R.J. Reynolds Industries* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna [1987] ECR 249, 19.–20. mgr.

⁽⁶¹⁾ Sjá í þessu samhengi: mál C-282/95 P, *Guérin automobiles* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1997] ECR I-1503, 37. mgr.

⁽⁶²⁾ Sjá í þessu samhengi: sameinuð mál T-213/95 og T-18/96, *Stichting Certificatie Kraanverhuurbedrijf (SCK)* og *Federatie van Nederlandse Kraanbedrijven (FNK)* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1997] ECR 1739, 57. mgr.

62. Í samræmi við þetta getur Eftirlitsstofnun EFTA á þessu fjögurra mánaða tímabili tilkynnt kvartanda fyrirhugaðar ráðstafanir sínar sem fyrstu viðbrögð í fyrsta áfanga málsmeðferðar (sjá 55. mgr. hér á undan). Ef kvörtunin er komin á annað stig rannsóknar (sjá 56. mgr. hér á undan) getur eftirlitsstofnunin einnig kynnt kvartanda rakleiðis bráðabirgðamat sitt með bréfi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 7. gr. III. kafla.
63. Til þess að tryggja að kvartanir fái sem greiðasta meðferð er æskilegt að kvartendur starfi dyggilega með eftirlitsstofnuninni meðan á meðferð máls stendur ⁽⁶³⁾, til að mynda með því að greina Eftirlitsstofnun EFTA frá nýrri framvindu í málinu.
- c) *Réttindi kvartanda í tengslum við málsmeðferðina*
64. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA sendir fyrirtækjum, sem kvörtun beinist að, andmælagreinargerð í samræmi við 1. mgr. 10. gr. III. kafla á kvartandi rétt á afriti af því skjali án viðskiptaleyndarmála og annarra trúnaðarupplýsinga hlutaðeigandi fyrirtækja (útgáfu af andmælagreinargerð án trúnaðarupplýsinga; sbr. ákvæði 1. mgr. 6. gr. III. kafla). Kvartanda er gefinn kostur á að leggja fram skriflegar athugasemdir um andmælagreinargerðina. Frestur verður settur til að leggja fram slíkar skriflegar athugasemdir.
65. Jafnframt getur Eftirlitsstofnun EFTA, þar sem við á, gefið kvartendum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tengslum við munnlega skýrslugjöf málsaðila sem andmælagreinargerð hefur verið beint til, ef kvartendurnir leggja fram ósk um slíkt í skriflegum athugasemdum sínum ⁽⁶⁴⁾.
66. Kvartendur kunna að leggja fram skjöl sem hafa að geyma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, að eigin frumkvæði eða að ósk Eftirlitsstofnunar EFTA. Eftirlitsstofnunin mun gæta þagnarskyldu í tengslum við trúnaðarupplýsingar ⁽⁶⁵⁾. Samkvæmt ákvæðum 16. gr. III. kafla er kvartendum skylt að tilgreina hvaða gögn þeir telja vera trúnaðarmál, rökstyðja þá skoðun og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt þegar þeir skýra frá sjónarmiðum sínum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. III. kafla eða leggja síðar fram frekari upplýsingar á meðan sama málsmeðferð stendur yfir. Jafnframt getur Eftirlitsstofnunin krafist þess, í öllum öðrum tilvikum, að kvartendur, sem leggja fram skjöl eða greinargerðir, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala eða greinargerða þeir telja trúnaðarmál. Nánar tiltekið getur hún gefið kvartanda frest til að rökstyðja hvers vegna hann telji tiltekið atriði í upplýsingum trúnaðarmál og láta í té sérútgáfu þar sem trúnaðarmálum er sleppt, meðal annars stuttorða lýsingu á hverju einstöku atriði í upplýsingum sem er sleppt eða útgáfu af því án trúnaðarupplýsinga.
67. Þótt upplýsingar séu flokkaðar sem trúnaðarmál hindrar það ekki að Eftirlitsstofnun EFTA láti af hendi eða noti upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er til að færa sönnur á brot á ákvæðum 53. eða 54. gr. ⁽⁶⁶⁾. Ef nauðsynlegt er að nota viðskiptaleyndarmál og trúnaðarupplýsingar til að sanna brot verður eftirlitsstofnunin að meta, að því er hvert einstakt skjal varðar, hvort þörfin á að upplýsa um það vegi þyngra en hugsanlegur skaði sem af gæti hlotist.
68. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að rannsaka kvörtun frekar, sökum þess að frekari rannsókn hefði ekki nægilega þýðingu fyrir framkvæmd EES-samningsins eða af öðrum ástæðum, mun hún greina kvartanda frá því með bréfi sem hefur að geyma upplýsingar um lagagrundvöll (sbr. 1. mgr. 7. gr. III. kafla) og ástæður þess að eftirlitsstofnunin hefur til bráðabirgða tekið þessa afstöðu, og gefa kvartanda kost á að leggja fram frekari upplýsingar eða athugasemdir innan tiltekins frests. Eftirlitsstofnunin mun einnig taka fram hvaða afleiðingar það hafi að senda ekki svar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. III. kafla, eins og útskýrt er hér á eftir.
69. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. III. kafla á kvartandi rétt á að kynna sér upplýsingarnar sem liggja til grundvallar bráðabirgðamati eftirlitsstofnunarinnar. Slíkur aðgangur er venjulega veittur með því að láta afrit af viðkomandi skjölum fylgja bréfinu.

⁽⁶³⁾ Undirréttur EB notar hugtakið „dyggilega“ í tengslum við kvartanda í máli T-77/94, *Vereniging van Groothandelaren in Bloemkwekerijproducten o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1997] ECR II-759, 75. mgr.

⁽⁶⁴⁾ Sjá 2. mgr. 6. gr. III. kafla.

⁽⁶⁵⁾ Sjá 122. gr. EES-samningsins, 4. mgr. 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, 28. gr. II. kafla og 15. og 16. gr. III. kafla.

⁽⁶⁶⁾ Sjá 2. mgr. 27. gr. II. kafla.

70. Frestur kvartanda til að skýra frá sjónarmiðum sínum að því er varðar bréfið, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. III. kafla, verður ákveðinn í samræmi við aðstæður máls. Hann verður ekki styttri en fjórar vikur (sbr. 2. mgr. 17. gr. III. kafla). Berist ekki svar frá kvartanda áður en fresturinn rennur út telst kvörtunin hafa verið afturkölluð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 7. gr. III. kafla. Kvartendur eiga jafnframt rétt á að afturkalla kvörtun sína hvenær sem vera skal, kjósi þeir svo.
71. Kvartandi getur farið fram á að frestur til að leggja fram athugasemdir verði lengdur. Eftirlitsstofnun EFTA getur orðið við slíkri ósk að teknu tilliti til aðstæðna málsins.
72. Eftirlitsstofnun EFTA kynnir sér þá þær athugasemdir sem kvartandi leggur fram til viðbótar. Séu þær þess eðlis að eftirlitsstofnunin sjái ástæðu til að breyta afstöðu sinni getur hún hafið málsmeðferð gegn fyrirtækjunum sem kvörtunin beinist að. Í þeirri málsmeðferð nýtur kvartandi þeirra réttinda sem að ofan greinir.
73. Leiði athugasemdir kvartanda ekki til breytinga á fyrirhuguðum ráðstöfunum Eftirlitsstofnunar EFTA gefur hún út ákvörðun þess efnis að kvörtuninni sé vísað frá ⁽⁶⁷⁾.

d) *Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að vísa kvörtun frá*

74. Ef Eftirlitsstofnun EFTA vísar kvörtun frá með ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. III. kafla ber henni að rökstyðja þá ákvörðun í samræmi við 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, þ.e. með einhverjum þeim hætti sem er viðeigandi í tengslum við lagagerðina sem málið varðar og að teknu tilliti til aðstæðna í hverju máli.
75. Í rökstuðningnum verður að koma fram skýrt og ótvírætt hvaða ástæður Eftirlitsstofnun EFTA hefur fyrir ákvörðuninni, þannig að kvartanda geti verið ljóst hverjar þær ástæður eru og EFTA-dómstóllinn geti innt af hendi það hlutverk sitt að endurskoða ákvörðunina. Aftur á móti er eftirlitsstofnuninni ekki skylt að taka afstöðu til allra röksemda sem kvartandi leggur fram til stuðnings kvörtun sinni. Hún þarf eingöngu að gera grein fyrir þeim málsatvikum og lagaatriðum sem hafa úrslitagildi um ákvörðunina ⁽⁶⁸⁾.
76. Ef Eftirlitsstofnun EFTA vísar kvörtun frá í tengslum við mál sem leiðir einnig til ákvörðunar á grundvelli 10. gr. II. kafla (Beiting 53. eða 54. gr. á ekki við) eða 9. gr. II. kafla (Skuldbindingar), má vísa til ákvörðunarinnar, sem tekin er á grundvelli þessara ákvæða, í ákvörðuninni um að vísa kvörtun frá.
77. Ákvörðun um að vísa kvörtun frá má áfrýja til EFTA-dómstólsins ⁽⁶⁹⁾.
78. Ákvörðun um að vísa kvörtun frá kemur í veg fyrir að kvartendur geti krafist endurupptöku rannsóknar nema á grundvelli nýrra, markverðra sönnunargagna. Af þeim sökum geta ný erindi kvartenda er lúta að sama meinta broti ekki talist ný kvörtun nema Eftirlitsstofnun EFTA berist ný, markverð sönnunargögn. Eftirlitsstofnunin getur þó tekið mál upp aftur þegar aðstæður gefa tilefni til.
79. Ákvörðun um að vísa kvörtun frá felur ekki í sér endanlegan úrskurð um hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum 53. eða 54. gr., jafnvel þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi metið málsatvik á grundvelli 53. og 54. gr. Mat eftirlitsstofnunarinnar í ákvörðun um að vísa kvörtun frá kemur því ekki í veg fyrir að dómstólar eða samkeppnisfyrirvöld í EFTA-ríki beiti ákvæðum 53. og 54. gr. gagnvart samningum og háttsemi sem koma til meðferðar hjá þeim. Mat eftirlitsstofnunarinnar í ákvörðun um að vísa kvörtun frá telst til málsatvika sem dómstólar og samkeppnisfyrirvöld í EFTA-ríkjunum geta haft hliðsjón af þegar rannsakað er hvort samningarnir eða háttsemin, sem um ræðir, samrýmist ákvæðum 53. og 54. gr. ⁽⁷⁰⁾.

⁽⁶⁷⁾ Sjá 2. mgr. 7. gr. III. kafla, sjá í þessu sambandi mál C-282/95 P, *Guérin automobiles* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1997] ECR I-1503, 36. mgr.

⁽⁶⁸⁾ Viðtekin dómaframkvæmd, sbr. mál E-2/94, *Scottish Salmon Growers Association Limited* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, Skýrsla EFTA-dómstólsins [1994–1995], bls. 59, mál E-4/97, *Norsku bankasamtökin* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, Skýrsla EFTA-dómstólsins [1998], bls. 38, og í bandalaginu m.a. mál T-114/92, *Bureau Européen des Médias et de l'Industrie Musicale (BEMIM)* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1995] ECR II-147, 41. mgr.

⁽⁶⁹⁾ Sjá 2. mgr. 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Sjá í bandalagssambandi: mál 210/81, *Oswald Schmidt, fyrir hönd Demo-Studio Schmidt* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1983] ECR 3045.

⁽⁷⁰⁾ Sjá í þessu sambandi: mál T-575/93, *Casper Koelman* gegn *framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*, [1996] ECR II-1, 41.–43. mgr.

e) Sérstakar aðstæður

80. Samkvæmt 8. gr. II. kafla er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að taka ákvörðun að eigin frumkvæði um að grípa til tímabundinna ráðstafana þegar hættu er á að samkeppni verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða. Í 8. gr. II. kafla kemur skýrt fram að kvartendur geti ekki sótt um tímabundnar ráðstafanir á grundvelli 2. mgr. 7. gr. II. kafla. Beiðnir fyrirtækja um tímabundnar ráðstafanir má leggja fyrir dómstóla í EFTA-ríkjunum, en þeir eru vel til þess fallnir að taka ákvarðanir um slíkar ráðstafanir ⁽⁷¹⁾.
81. Einstaklingar eða aðrir kunna að vilja koma til Eftirlitsstofnunar EFTA upplýsingum um hugsanleg brot á ákvæðum 53. eða 54. gr. án þess að fyrirtækin, sem áskanirnar beinast að, komist að því hverjir þeir eru. Þeim er þá fjálst að leita til eftirlitsstofnunarinnar. Henni er skylt að virða ósk heimildarmanns þess efnis að nafni hans sé haldið leyndu ⁽⁷²⁾, nema ósk um slíkt sé augljóslega ekki réttlætanleg.

⁽⁷¹⁾ Eftir því sem við á í einstökum málum geta samkeppnisyrðingir í EFTA-ríkjunum haft jafngóðar forsendur til að samþykkja tímabundnar ráðstafanir

⁽⁷²⁾ Mál 145/83, *Stanley George Adams* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, [1985] ECR 3539.

VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ C

Kvörtun á grundvelli 7. gr. II. kafla

I. Upplýsingar um kvartanda og fyrirtækið/-in eða samtök fyrirtækja sem kvörtunin beinist að

1. Gerið fulla grein fyrir því hvaða lögaðili eða einstaklingur leggur fram kvörtunina. Ef kvartandi er fyrirtæki skal tilgreina hvaða fyrirtækjasamstæðu það tilheyrir og lýsa í stuttu máli eðli og umfangi atvinnurekstrarins. Tilgreinið tengilið (ásamt símanúmeri, pósthfangi og netfangi) sem veitt getur frekari skýringar.

2. Tilgreinið að hvaða fyrirtæki (fyrirtækjum) eða samtökum fyrirtækja kvörtunin beinist, að meðtöldum, eftir því sem við á, öllum tiltækum upplýsingum um fyrirtækjasamstæðuna sem hlutaðeigandi fyrirtæki tilheyrir (tilheyra) og eðli og umfang atvinnurekstrarins. Greinið frá tengslum kvartanda við fyrirtækið (fyrirtækin) eða þau samtök fyrirtækja sem kvörtunin beinist að (viðskiptavinur eða keppinautur t.d.).

II. Upplýsingar um meint brot og sönnunargögn

3. Gerið í smáatriðum grein fyrir þeim málsatvikum sem að yðar mati eru vísbending um að brotið hafi verið gegn ákvæðum 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Tilgreinið einkum hvers eðlis sú vara (varningur eða þjónusta) er sem hin meintu brot varða og skýrið eftir þörfum atvinnutengsl sem skipta máli um þessar vörur. Látið fylgja allar tiltækar upplýsingar um samninga eða háttsemi þeirra fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja sem kvörtunin beinist að. Tilgreinið hlutfallslega markaðsstöðu fyrirtækjanna sem kvörtunin beinist að, eftir því sem unnt er.

4. Leggið fram öll skjöl í vörslu yðar sem hafa að geyma upplýsingar um málsatvikin sem getið er í kvörtuninni eða tengjast þeim beinlínis (til dæmis samningstexta, greinargerðir um samningaviðræður eða fundi, skilmála einstakra viðskipta, fyrirtækjaskjöl, dreifibréf, bréfaskipti, skráð efni símtala...). Tilgreinið nöfn og pósthöfund þeirra sem gætu staðfest málsatvikin sem getið er í kvörtuninni, einkum þeirra sem meint brot bitnar á. Leggið fram tölulegar upplýsingar eða önnur gögn í vörslu yðar sem varða umgetin málsatvik, einkum ef ráða má af þeim markaðsþróun (til dæmis upplýsingar um verð og verðþróun, aðgangshindranir sem nýir birgjar mæta á markaðnum o.s.frv.).

5. Lýsið skoðun yðar á því til hversu stórs landsvæðis meint brot tekur og skýrið, þar sem atvik liggja ekki í augum uppi, að hvaða leyti viðskipti milli aðildarríkja EB eða milli bandalagsríkjanna og eins eða fleiri EFTA-ríkja eða milli EFTA-ríkja geta orðið fyrir áhrifum af háttseminni sem kvörtunin lýtur að.

III. Niðurstaða sem vænst er af Eftirlitsstofnun EFTA og lögmætir hagsmunir

6. Skýrið hvaða niðurstöðu eða ráðstöfunar er vænst í framhaldi af málsmeðferð á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA.

7. Tilgreinið á hvaða forsendum þér gerið tilkall til lögmætra hagsmuna sem kvartandi á grundvelli 7. gr. II. kafla. Lýsið einkum hvernig háttsemin, sem kvörtunin lýtur að, hefur áhrif á yður og skýrið hvernig afskipti Eftirlitsstofnunar EFTA gætu að yðar áliti ráðið bót á meintu broti.

IV. Málsmeðferð fyrir samkeppnisfyrvöldum einstakra ríkja eða landsdómstólum

8. Leggið fram ítarlegar upplýsingar um hvort leitað hafi verið til annars samkeppnisfyrvalds í tengslum við sömu atvik eða nátengd atriði og/eða hvort höfðað hafi verið mál vegna þeirra fyrir landsdómstóli. Hátti þannig til skal leggja fram ítarlegar upplýsingar um stjórnvaldið eða dómstólinn sem leitað var til og gögn sem lögð voru fram.

Undirritaður lýsir yfir að upplýsingar, sem látnar eru í té á þessu eyðublaði og í fylgiskjölum með því, eru gefnar samkvæmt bestu samvisku.

Dagsetning og undirritun

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/57/02

(Mál COMP/M.4841 – Enel/EMS)

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Enel SpA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í rúmenska fyrirtækinu Societatea Comercială Filiala de Distribuție și Furnizare a Energiei Electrice „Electrica Muntenia Sud” – S.A. („EMS“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Enel SpA: framleiðsla, dreifing og sala raforku og starfsemi á sviði jarðgass
 - EMS: dreifing og sala raforku í Rúmeníu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 286, 28. nóvember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4841 – Enel/EMS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4910 – Motorola/Vertex Standard)**

2007/EES/57/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Motorola Inc. öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í japanska fyrirtækinu Vertex Standard.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Motorola Inc.: fjarskiptatækni fyrir þráðlaus tæki og breiðbandstæki; innbyggður rafeinda-búnaður
 - Vertex Standard: hönnun, framleiðsla og sala á tviátta útvarpsbúnaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 287, 29. nóvember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4910 – Motorola/Vertex Standard, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4927 – Carlyle/Ineos/JV)

2007/EES/57/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Carlyle Partners IV L.P. („Carlyle“), sem tilheyrir The Carlyle Group, og breska fyrirtækið INEOS Group Ltd („Ineos“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Newco.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlyle: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Ineos: olíuáðefni, sérnótaáðefni, olíuvörur
 - Newco: ólífræn sérnótaáðefni, m.a. síliköt, kísl og skyld sérnótaáðefni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 282, 24. nóvember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4927 – Carlyle/Ineos/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4956 – STX/Aker)

2007/EES/57/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem suður-kóreska fyrirtækið STX Corporation („STX“) óðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í norska fyrirtækinu Aker Yards ASA („Aker“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - STX: skipasmíðar og skipabúnaður, útgerð, orka, byggingastarfsemi
 - Aker: skipasmíðar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 284, 27. nóvember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4956 – STX/Aker, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4962 – Sun Group/neckermann.de GmbH)

2007/EES/57/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Sun Group öðlast óbeint að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu neckermann.de GmbH („neckermann“) með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sun Group: dreifðar fjárfestingar í óskráðum félögum
 - neckermann: fjarsala á margvíslegum neytendavörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 288, 30. nóvember 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4962 – Sun Group/neckermann.de GmbH, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/57/07****(Mál COMP/M.4971 – MPC/Viga-Villacero/MAN/Coutinho & Ferrostaal (JV))**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Münchmeyer Petersen & Co GmbH („MPC“), mexíska fyrirtækið Grupo Villacero („Viga-Villacero“) og þýska fyrirtækið MAN AG öðlast með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Coutinho & Ferrostaal GmbH & Co. KG („Coutinho & Ferrostaal“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MPC: skipasmíðar, fjárfestingar, viðskipti með hrávörur og neytendavörur
 - Viga-Villacero: framleiðsla og dreifing á stálvörum
 - MAN AG: framleiðsla og dreifing á atvinnubifreiðum, dísilvélum og hverflum
 - Coutinho & Ferrostaal: alþjóðaviðskipti með stálvörur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 284, 27. nóvember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4971 – MPC/Viga-Villacero/MAN/Coutinho & Ferrostaal (JV), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4977 – AgipFuel/Campetroli)**

2007/EES/57/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið AgipFuel SpA, sem tilheyrir samsteypunni Eni SpA, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Cam Petroli Srl („Campetroli“). AgipFuel hefur sem stendur yfirráð í Campetroli ásamt öðrum eigendum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AgipFuel: rekstur heildsölufyrirtækja sem selja eldsneyti og brenni
 - Eni SpA: olíu- og gasleit ásamt framleiðslu, flutningi, hreinsun og sölu á olíu og jarðgasi
 - Campetroli: endursala á eldsneyti og tjöru í heildsölu á Norður-Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 284, 27. nóvember 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4977 – AgipFuel/Campetroli, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4983 – Lion Capital/AS Lathouwers)**

2007/EES/57/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. nóvember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Lion Capital LLP öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu Amerikaanse Stockhuizen Lathouwers NV („AS Lathouwers“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lion Capital LLP: fjárfestingasjóður
 - AS Lathouwers: smásöluverslun með útivistarvörur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 286, 28. nóvember 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4983 – Lion Capital/AS Lathouwers, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2007/EES/57/10**
(Mál COMP/M.4157 – Wendel Investissement/Groupe Materis)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. mars 2006 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á frönsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32006M4157. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2007/EES/57/11**
(Mál COMP/M.4617 – Nutreco/BASF)

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. september 2007 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32007M4617. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2007/EES/57/12**
(Mál COMP/M.4696 – KKR/Harman)

